



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Niðurstöður viðhorfskönnunar foreldra leikskólaskólabarna 2019*

#### **Framkvæmd**

Skóla- og frístundasvið framkvæmir könnun á viðhorfum foreldra í leikskólum borgarinnar annað hvert ár. Í ár var könnunin lögð fyrir bæði borgarrekna leikskóla, sjálfstætt starfandi leikskóla og 5 ára deildir Ísaks- og Landakotsskóla.

Könnunin var lögð fyrir frá 6. mars til 15. maí og framkvæmd rafrænt og með úthringingum til að ná upp svörun. Ekki var spurt um fleira en eitt barn frá hverju heimili. Úrtak var aðeins tekið fyrir tvo stærstu leikskólana.

Könnunin var send til alls 4583 foreldra og forráðamanna barna í borgarreknum leikskólum og 973 foreldra barna í sjálfstætt starfandi leikskólum og 5 ára deildum Landakots- og Ísaksskóla. Alls svöruðu 3154 aðilar borgarreknu leikskólanna könnuninni og 633 hjá sjálfstætt starfandi og heildarsvarhlutföllin eru því 68,8% og 65,1% eða 68,1% í heildina.

Niðurstöður könnunarinnar eru birtar í Qlik sense. Stjórnendur fá smáforrit þar sem þeir geta skoðað niðurstöður síns leikskóla í samanburði við Reykjavík í heild eða borgarhlutana fimm. Skólarnir geta skoðað niðurstöður niður á kyn, aldursflokk og tungumálabakgrunn ef að lágmarki fimm standa að baki svari tiltekins hóps. Næst þegar könnunin verður lögð fyrir verður hægt að skoða samanburð frá fyrra ári. Svör koma út á grænu ef meðalstig þeirra er fjórir eða hærra, þau koma út á gulu ef stigin eru frá þremur upp í fjóra og á rauðu ef þau eru lægri en þrjú.

#### **Breytingar á könnun frá fyrra ári.**

Stærsta breytingin frá árinu 2017 er að svarmöguleikanum *hvorki né* hefur verið bætt við fjögurra punkta skalann *Mjög sammála* til *mjög ósammála*. Þannig er samræmi við viðhorfskönnun starfsfólks auk þess sem rétt þykir að gefa foreldrum tækifæri á að vera hlutlaus í sinni afstöðu. Stuðst var við fyrri könnun en einhverjar breytingar á orðalagi gerðar, tveimur spurningum skipt upp og tveimur spurningum um jákvæðan starfsanda og hvort andrúmsloftið væri notalegt og vingjarnleg var bætt við. Spurningarlistann í heild sinni má sjá í fylgiskjali.

## Niðurstöður

Spurningarnar eru í fjórum flokkum; barnið og starfið, foreldrarog starfið, stjórnun og stefna og almenn upplifun af leikskólanum. Í meðfylgjandi fylgiskjali er að finna þrjár síður úr Qlik sense forritinu sem gefa heildaryfirsýn yfir allar fullyrðingarnar.

Hlutfall þeirra sem eru í heildina litið ánægðir með leikskólann og svara heildaránægju-fullyrðingunni *mjög* eða *frekar sammála* eru 93,8% en 3,6% svara *hvorki né*. Almenn ríkti ánægja og jákvæðni í garð leikskólanna í Reykjavík.

### *Barnið og starfið*

Sjö fullyrðingar varða barnið og líðan þess í leikskólanum og er meðaltal allra þeirra fyrir Reykjavík í heild 4,63 á fimm punkta kvarða. Nánast allir leikskólarnir koma út á grænu. Um 96% foreldra eru *mjög* eða *frekar sammála* fullyrðingunni *barninu mínu líður vel í leikskólastarfinu* en 2,8% svara *hvorki né*. Heilt yfir eru foreldrar sammála því að barnið taki framförum, aðlagist vel og eigi vini og að starfsfólkið þekki þarfir þess, vinni að því að efla sjálfstraust barnsins og eigi í góðum samskiptum við barnið. Einhvers kynjamunar gætir á svörum í þessum flokki en aðeins færri foreldrar stráka svara þessum fullyrðingum *mjög sammála* en foreldrar stelpna.

### *Foreldrar og starfið:*

Sjö fullyrðingar varða foreldra og samstarf og samskipti við leikskólann og er meðaltal þeirra 3,93. Fleiri leikskólar koma út á gulu í þessum flokki fullyrðinga og hér liggja tækifæri til úrbóta, t.d. í að virkja foreldra til að taka þátt í að meta framfarir barnanna og eiga samtál um framfarir þeirra. Meðaltal fullyrðingarinnar *Leikskólinn leitar til mín eftir tillögum og hugmyndum* er 3,19 og dregur talsvert niður meðaltalið en um 39% er sammála fullyrðingunni og önnur 35% eru hlutlaus. Það má þó rökkræða hvort það að koma út á gulu við þessari spurningu sé í raun slæmt. Meðalstig í þessum flokki hækkar eftir því sem börnin eldast sem gefur til kynna framfarir í samstarfi milli foreldra og leikskóla eftir því sem barnið er lengur á leikskólanum.

### *Stefna og stjórnun*

Undir þennan flokk falla sjö fullyrðingar. Meðaltalið er 4,32 og koma um 90% skólanna út á grænu. Lægsti leikskólinn er með meðaltalið 3,70 og sá hæsti með 4,92. Um 89,8% foreldra eru *mjög* eða *frekar sammála* því að leikskólanum sé vel stjórnað en 5,9% svara *hvorki né*. Ekki er mikill munur milli aldurstiga eða eftir kyni barns.

### *Upplifun af leikskólanum*

Undir þennan flokk falla fimm fullyrðingar ásamt fullyrðingu um heildaránægju með leikskólann. Meðaltalið er 4,56 og aðeins tveir leikskólar koma út á gulu. Lægsti skólinn er með meðaltalið 3,94 og sá hæsti með 4,96. Ríflega 94% foreldra finnst ríkja notalegt og vingjarnlegt andrúmsloft í leikskólanum og tæp 93% finnst andinn í leikskólanum einkennast af jákvæðni.

Það er vandmeðfarið að gera samanburð við árið 2017 þar sem valmöguleikanum *hvorki né* var bætt við en ef *hvorki né* er skipt upp milli sammála og ósammála og heildarstig sammála skoðuð þá er óverulegur munur frá fyrri könnun. Munurinn er oftast undir einu prósentustigi (mest 3 stig) en meðalstigin eru þó oftast eitthvað lægri 2019 en 2017. Mesti munurinn er á spurningunni hvort að lögð sé áhersla á að efla sjálfstraust barnsins sem fer úr 96% í rúm 93% og spurningunni um hvort viðfangsefni leikskólans séu áhugaverð sem jókst úr 96% í 98%.

## **Fylgiskjal 1**

Spurningar í viðhorfskönnu til foreldra barna sem sækja leikskóla í Reyjavík 2019

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?

Svarmöguleikar: *Mjög sammála, Frekar sammála, Hvorki né, Frekar ósammála, Mjög ósammála*

### **Barnið og starfið**

*Barnið mitt á góða félag/aðlagast vel í barnahópnum*

*Barnið mitt tekur stöðugum framförum í leikskólanum*

*Barninu mínu líður vel í leikskólastarfinu*

*Ég er ánægð(ur) með samskipti og viðmót starfsfólks við barnið*

*Í leikskólastarfinu er lögð áhersla á að efla sjálfstraust barnsins*

*Starfsfólkið styður barnið mitt vel í leikskólastarfinu*

*Starfsfólkið þekkir þarfir barnsins míns*

### **Foreldrar og starfið**

*Ábendingum mínum er vel tekið*

*Ég fæ greinargóð svör við spurningum mínum um leikskólastarfið*

*Ég get fengið ráð um uppeldi, heilsu, samskipti eða annað sem snertir barnið mitt í leikskólanum*

*Ég hef tekið þátt í meta framfarir barnsins*

*Leikskólinn heldur mér vel upplýstum um framfarir barnsins*

*Leikskólinn hvetur foreldra til þátttöku í leikskólastarfinu*

*Leikskólinn leitar til mín eftir tillögum og hugmyndum*

### **Stefna og stjórnun**

*Ég þekki stefnu/áherslur og gildi leikskólans*

*Ég er ánægð(ur) með stefnu leikskólans*

*Markvisst er unnið með stefnu og markmið leikskólans*

*Leikskólanum er vel stjórnað*

*Mér finnst aðbúnaður barna í leikskólanum góður*

*Stjórnendur eru til staðar í daglegu starfi*

*Viðfangsefnin í leikskólanum eru áhugaverð*

## **Upplifun af leikskólanum**

*Ég fæ góðar upplýsingar um hvað er á döfinni í leikskólanum*

*Ég tel barnið mitt vera öruggt í leikskólanum*

*Ég upplifi gott viðmót og samskipti við starfsfólk*

*Starfsandinn í leikskólanum einkennist af jákvæðni*

*Það ríkir notalegt og vingjarnlegt andrúmsloft í leikskólanum*

*Þegar á heildina er litið, er ég ánægð(ur) með skólann*

Heildaránægja með leikskóla

4,58  
heild

Barninu líður vel í leikskólanum

4,63  
heild


Tel barnið mitt vera öruggt

4,61  
heild


Skólanum er vel stjórnað

4,42  
heild


Meðalskor spurninga er varða barnið og starfið




Meðalskor spurninga er varða foreldra og starfið



Meðalskor spurninga er varða stjórnun og stefnu leikskólans



Meðalskor spurninga er varða upplifun af leikskólanum



Meðalskor spurninga í foreldrakönnun 2019 - Hlutföll

SpurningFlokkur <input type="text"/>		Values				
Spurning <input type="text"/>		Hlutfall sammála	Hlutfall hvorki né	Hlutfall ósammála	Hlutfall sammála stelpna	Hlutfall sammála stráka
Barnið og starfið	Barnið mitt á góða félaganum/aðlagast vel í barnahópnum	92,7%	5,2%	2,2%	93,9%	91,3%
	Barnið mitt tekur stöðugum framförum í leikskólanum	93,3%	5,2%	1,5%	95,0%	91,5%
	Barninu mínu líður vel í leikskólastarfinu	95,9%	2,8%	1,3%	96,5%	95,3%
	Ég er ánægð(ur) með samskipti og viðmót starfsfólks við barnið	93,9%	4,1%	2,0%	94,5%	93,2%
	Í leikskólastarfinu er lögð áhersla á að efla sjálfstraust barnsins	88,4%	9,6%	2,0%	89,5%	87,1%
	Starfsfólkið styður barnið mitt vel í leikskólastarfinu	95,4%	3,2%	1,3%	95,9%	94,9%
	Starfsfólkið þekkir þarfir barnsins míns	94,9%	3,6%	1,5%	95,3%	94,6%
Foreldrar og starfið	Ábendingum mínum er vel tekið	73,4%	21,6%	5,0%	73,0%	73,7%
	Ég fæ greinargóð svör við spurningum mínum um leikskólastarfið	87,0%	8,8%	4,2%	87,8%	86,2%
	Ég get fengið ráð um uppeldi, heilsu, samskipti eða annað sem snertir barnið mitt í leikskólanum	69,3%	20,6%	10,1%	68,1%	70,5%
	Ég hef tekið þátt í meta framfarir barnsins	66,8%	19,4%	13,8%	65,4%	68,2%
	Leikskólinn heldur mér vel upplýstum um framfarir barnsins	75,6%	13,2%	11,2%	76,1%	75,0%
	Leikskólinn hvetur foreldra til þátttöku í leikskólastarfinu	78,1%	15,3%	6,6%	78,6%	77,5%
	Leikskólinn leitar til mín eftir tillögum og hugmyndum	39,2%	34,7%	26,1%	38,5%	39,9%
Stefna og stjórnun	Ég er ánægð(ur) með stefnu leikskólans	87,4%	11,3%	1,2%	88,3%	86,5%
	Ég þekki stefnu/áherslur og gildi leikskólans	83,2%	11,1%	5,7%	83,5%	82,7%
	Leikskólanum er vel stjórnað	89,9%	5,8%	4,2%	89,6%	90,3%
	Markvisst er unnið með stefnu og markmið leikskólans	84,6%	12,4%	3,0%	85,5%	83,7%
	Mér finnst aðbúnaður barna í leikskólanum góður	82,4%	10,1%	7,5%	82,8%	81,9%
	Stjórnendur eru til staðar í daglegu starfi	88,9%	6,6%	4,5%	88,9%	88,8%
	Viðfangsefni í leikskólanum eru áhugaverð	91,2%	7,1%	1,7%	91,9%	90,4%
Upplifun af leikskólanum	Ég fæ góðar upplýsingar um hvað er á döfinni í leikskólanum	90,6%	4,6%	4,8%	91,3%	89,8%
	Ég tel barnið mitt vera öruggt í leikskólanum	95,7%	2,9%	1,3%	95,9%	95,4%
	Ég upplifi gott viðmót og samskipti við starfsfólk	94,6%	3,5%	1,9%	95,2%	93,9%
	Starfsandinn í leikskólanum einkennist af jákvæðni	92,6%	4,7%	2,6%	92,7%	92,5%
	Það ríkir notalegt og vinkjarnlegt andrúmsloft í leikskólanum	94,5%	3,7%	1,7%	95,1%	93,9%
	Þegar á heildina er lítið, er ég ánægð(ur) með leikskólann	93,8%	3,6%	2,7%	93,9%	93,6%

## Meðalskor spurninga í foreldrakönnun 2019

SpurningFlokkur <input type="text"/>	Values <input type="text"/>					
	Heildarmeðaltal Leikskóla	Meðaltal stráka	Meðaltal stelpna	Meðaltal 2 ára eða yngri	Meðaltal 3-4 ára	Meðaltal 5 ára eða eldri
<b>Barnið og starfið</b>	<b>4,52</b>	<b>4,47</b>	<b>4,56</b>	<b>4,59</b>	<b>4,51</b>	<b>4,52</b>
Barnið mitt á góða félag/aðlagast vel í barnahópnum	4,51	4,43	4,58	4,49	4,47	4,54
Barnið mitt tekur stöðugum framförum í leikskólanum	4,47	4,40	4,53	4,56	4,49	4,43
Barninu mínu líður vel í leikskólasterfinu	4,63	4,60	4,66	4,77	4,62	4,62
Ég er ánægð(ur) með samskipti og viðmót starfsfólks við barnið	4,57	4,54	4,60	4,66	4,55	4,59
Í leikskólasterfinu er lögð áhersla á að efla sjálfstraust barnsins	4,39	4,33	4,45	4,45	4,40	4,39
Starfsfólkið styður barnið mitt vel í leikskólasterfinu	4,57	4,54	4,61	4,65	4,56	4,57
Starfsfólkið þekkir þarfir barnsins míns	4,48	4,46	4,51	4,54	4,47	4,49
<b>Foreldrar og starfið</b>	<b>3,93</b>	<b>3,92</b>	<b>3,93</b>	<b>3,86</b>	<b>3,90</b>	<b>3,97</b>
Ábendingum mínum er vel tekið	4,08	4,06	4,09	4,14	4,06	4,09
Ég fæ greinargóð svör við spurningum mínum um leikskólasterfið	4,36	4,33	4,38	4,33	4,33	4,39
Ég get fengið ráð um uppeldi, heilsu, samskipti eða annað sem snertir barnið mitt í leikskólanum	3,91	3,91	3,90	3,80	3,89	3,96
Ég hef tekið þátt í meta framfarir barnsins	3,82	3,84	3,81	3,66	3,77	3,89
Leikskólinn heldur mér vel upplýstum um framfarir barnsins	4,00	3,98	4,01	3,95	3,94	4,06
Leikskólinn hvetur foreldra til þátttöku í leikskólasterfinu	4,14	4,11	4,17	4,05	4,13	4,17
Leikskólinn leitar til mín eftir tillögum og hugmyndum	3,18	3,19	3,17	3,08	3,15	3,23
<b>Stefna og stjórnun</b>	<b>4,32</b>	<b>4,29</b>	<b>4,34</b>	<b>4,34</b>	<b>4,31</b>	<b>4,32</b>
Ég er ánægð(ur) með stefnu leikskólans	4,39	4,36	4,42	4,44	4,38	4,38
Ég þekki stefnu/áherslur og gildi leikskólans	4,16	4,15	4,17	4,20	4,14	4,18
Leikskólanum er vel stjórnað	4,42	4,41	4,43	4,48	4,44	4,41
Markvisst er unnið með stefnu og markmið leikskólans	4,25	4,21	4,29	4,18	4,24	4,27
Mér finnst aðbúnaður barna í leikskólanum góður	4,17	4,15	4,18	4,29	4,16	4,15
Stjórnendur eru til staðar í daglegu starfi	4,39	4,36	4,41	4,38	4,39	4,40
Viðfangsefnin í leikskólanum eru áhugaverð	4,45	4,42	4,48	4,40	4,45	4,47
<b>Upplifun af leikskólanum</b>	<b>4,56</b>	<b>4,53</b>	<b>4,59</b>	<b>4,58</b>	<b>4,55</b>	<b>4,58</b>
Ég fæ góðar upplýsingar um hvað er á döfinni í leikskólanum	4,46	4,42	4,49	4,34	4,43	4,52
Ég tel barnið mitt vera öruggt í leikskólanum	4,61	4,58	4,64	4,63	4,60	4,63
Ég upplif gott viðmót og samskipti við starfsfólk	4,62	4,59	4,65	4,67	4,60	4,64
Starfsandinn í leikskólanum einkennist af jákvæðni	4,50	4,48	4,52	4,56	4,50	4,49
Það ríkir notalegt og vingjarnlegt andrúmsloft í leikskólanum	4,60	4,57	4,62	4,68	4,58	4,60
Þegar á heildina er litið, er ég ánægð(ur) með leikskólann	4,58	4,56	4,59	4,62	4,57	4,58